

Heilsuhælið í Kristnesi

2020/24

Heilsuhælið í Kristnesi var vígt 1. nóvember 1927. Heilsuhælið sem er líka kallað Kristneshæli eða Kristnesspítali er í Eyjafjarðarsveit 10 km sunnan Akureyrar.

Tildrög hælísins voru þau að 1918 hóf Samband norðlenskra kvenna fjársöfnun til að setja á stofn heilushæli á Norðurlandi fyrir berklasjúklinga. Þegar Heilsuhælisfélag Norðurlands var stofnað árið 1925 afhentu konurnar í Sambandi norðlenskra kvenna það fé sem þær höfðu safnað til félagsins og í framhaldinu var hægt að hefjast handa við byggingu heilsuhælis. Byggingarframkvæmdir hófust í apríl 1926 og lauk í september 1927. Hælið var svo vígt 1. nóvember og fyrsti sjúklingurinn lagður inn 17. nóvember. Fyrsti yfirlæknir Kristneshælis var Jónas Rafnar.

Upphaflega var Kristneshæli byggt sem berklahæli og ætlað 50 sjúklingum. Um 1950 var byggt við hælið og þá bættist samkomusalur og vinnustofur við.

Upp úr 1955 fer berklasjúklingum að fækka og 1960 var farið að taka við hjúkrunar-sjúklingum í Kristnesi án þess að nokkur formleg skipulagsbreyting væri gerð á starfsvettvangi spítalans. Var það ekki fyrr en 1976 sem hugmyndir um að breyta Kristneshæli í hjúkrunar- og endurhæfingarsjúkrahús fóru að birtast og á sama tíma var berkladeildin lögð niður og nafninu var formlega breytt úr Kristneshæli yfir í Kristnesspítala.

Frá upphafi var Kristneshæli hluti af ríkisspítulunum en 1. janúar 1993 tók Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (nú Sjúkrahúsið á Akureyri) við rekstrinum.

Árið 2017 var haldið upp á 90 ára afmæli spítalans með pompi og prakt og var spítalanum færðar margar gjafir í tilefni dagsins, sem Ingvar Þóroddsson forstöðulæknir sagði að bæri merki um hlýhug margra til spítalans.

Í dag fara endurhæfinga og öldrunarlækningar Sjúkrahússina á Akureyri fram á Kristnesspítala og þar er útibú frá Hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands.

Afhendingin barst frá Bjarna Arthurssyni fv. framkvæmdarstjóra Kristnesspítala, áður hefur safninu borist sex afhendingar sem tengjast Heilsuhælinu í Kristnesi. Þær eru: 2001/24, 2001/65, 2002/6, 2003/40, 2004/1 og 2010/3.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

28.júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

| Skrán.nr. | Örk | Efni | Ath. |
|------------|-----|--|--------------------|
| | | Heilsuhælið í Kristnesi | 2020 / 24 |
| | | A-Heilsuhælið í Kristnesi | |
| | | A-Heilsuhælið í Kristnesi | 1929 - 1984 |
| 2020 - A/1 | 1 | 1929- 1984 Reikningabók skemmtisjóðs Kristneshælis | 21 x 17cm |